

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hvaleyrarholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að skilgreint stofnanasvæði (S40) á svonefndu Þorlákstúni er felld niður og landnotkun breytt í opið svæði til sérstakra nota og stækkar því Ú13 sem því nemur. Jafnframt er sett hverfisvernd á Fuglastapaþúfu, sem er svæði milli Kelduhvams og Þúfu-barðs, og má þar hvorki raska landslagi né gróðri og eru allar framkvæmdir háðar framkvæmdaleyfi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. október 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.